

BORGARRÁÐ 10. mars 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrræði fyrir fólk í ósamþykktu húsnæði - MSS22030101

Nú er verið að vísa fólki út af áfangaheimilinu Betra Líf þar sem húsnæðið uppfyllir ekki skilyrði eldvarnareglugerðar. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort búið sé að gera ráðstafanir hvar þetta fólk eigi að búa? Spurt er einnig hvort búið sé að finna húsnæði eða úrræði fyrir aðra sem kunna að vera bornir út af heimilum sínum vegna ófullnægjandi brunavarna? Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður rætt þessi mál einna helst í kjölfar mannskæðs bruna á Bræðraborgarstíg fyrir tveimur árum. Vitað er á ákveðinn hátt þyrfti ótryggu húsnæði þegar kemur að brunavörnum, ósamþykktu húsnæði í sumum tilfellum. Í þeirri erfiðu tíð sem ríkir á húsnæðismarkaði eru fátækir og efnaminna fólk nauðbeygt til að leita sér skjóls í húsnæði sem jafnvel telst ekki vera mannabústaðir. Vegna fátæktar verður fólk að leigja sér húsnæði sem jafnvel er skipulagt undir atvinnustarfsemi en nýtt til íbúðar fyrir einstaklinga. Því erfiðari sem húsnæðismarkaðurinn er fátæku og efnalítlu fólki, aukast líkur þess að fólk finni sér skjól í ósamþykktu, hættulegu húsnæði þar sem brunavörnum er oft ábótavant. Þetta er mikið áhyggjuefni.